

Súðavíkurhreppur  
Jóhann Birkir Helgason  
Grundarstræti 1-3  
420 Súðavík

Reykjavík 31. mars 2020  
UST202003-305/A.B.  
10.05.03

## **Efni: Tillaga – Aðalskipulag Súðavíkurhrepps 2018 – 2030 – Heildarendurskoðun – Vegir í náttúru Íslands**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Súðavíkurhrepps er barst 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á vegum innan Súðavíkurhrepps sbr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og reglugerð nr. 260/2018 um veki í náttúru Íslands.

Í erindi skipulagsfulltrúa er gert ráð fyrir 16 vegsvæðum innan sveitarfélagsins sem falla undir ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

### **Vegur vegna virkjanaframkvæmda í Hattardal**

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi tillögu að deiliskipulagi vegna virkjunarframkvæmda í Hattardal, dags. 21. nóvember 2019, en þar er gert ráð fyrir virkjunarvegi sem mun liggja um birkiskógi. Auk þess veitti stofnunin umsögn varðandi heildarendurskoðun Súðavíkurhrepps 2018 – 2030 dags. 27. nóvember 2019.

Í umsögninni benti stofnunin m.a. á að birkið á skipulagssvæðinu fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrribæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur að vegaframkvæmdir vegna virkjunarinnar geti haft neikvæð áhrif á birkið á svæðinu.

### **Hörgshlíðarfjall**


Umhverfisstofnun bendir á að núverandi slóði, sem fer um Hörgshlíðarfjall, liggur að hluta til í birkiskógi. Birki fellur undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um

náttúruvernd þar sem kveðið á um sérstaka vernd. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við viðhald vegarins sé raski haldið í lágmarki og birki sé ekki raskað.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur